

## D Ó M U R

Héraðsdóms Vesturlands 31. ágúst 2007 í máli nr. S-97/2007:

### Ákærvaldið

*(Hjördís Stefánsdóttir fulltrúi)*

gegn

### Herði Þráinssyni

*(Róbert Árni Hreiðarsson hdl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 10. ágúst sl., höfðaði sýslumaðurinn í Borgarnesi með ákæru 11. apríl 2007 á hendur ákærða, Herði Þráinssyni, kt. ..., til heimilis í Hafnarfirði;

„fyrir umferðar- og fikniefnalagabrot með því að hafa seinni part föstudagsins 19. febrúar 2007, ekið bifreiðinni ZV-603, ófær um að stjórna henni örugglega vegna neyslu örvandi og deyfandi lyfja, Vesturlandsveg frá Reykjavík áleiðis til Hellissands, en lögreglan stöðvaði aksturinn á vegarkafla við Fiskilæk í Hvalfjarðarsveit og að hafa í umrætt sinn haft í vörslum sínum 1,59 g af hassi, en lögreglan fann efnið við leit á ákærða.

Telst þetta varða við 45. gr. a., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með áorðnum breytingum og við 2. gr., sbr. 4., 5. og 6. gr. laga um ávana- og fikniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001 og 2. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fikniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar, skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga.“

Af hálfu ákærða eru þær kröfur gerðar í málinu að honum verði gerð svo væg refsing sem lög frekast leyfa og að hafnað verði kröfu um sviptingu ökuréttar.

I.

Mánudaginn 19. febrúar 2007, um kl. 18:30, stöðvuðu lögreglumenn úr lögreglunni í Borgarnesi akstur bifreiðarinnar ZV-603 á Vesturlandsvegi við Fiskilæk. Í frumskýrslu lögreglu er bókað að strax hafi vaknað grunsemdir um að ökumaður bifreiðarinnar, ákærði í máli þessu, hefði neytt kannabisefna. Var ákærði í kjölfarið handtekinn ásamt farþega í bifreiðinni, Ólafi Jökli Herbertssyni. Við leit á ákærða á

vettvangi fannst hassmoli í hægri buxnavasa hans. Ákærði og farþegi hans voru í framhaldinu fluttir á lögreglustöðina í Borgarnesi. Þá færði lögregla jafnframt bifreið ákærða að lögreglustöðinni.

Um kl. 19:20 heimilaði ákærði lögreglu að leita í bifreiðinni ZV-603. Lauk leitinni um kl. 20:13. Nokkru síðar, eða um kl. 21:10 gaf ákærði lögreglu þvagsýni og gaf prófun lögreglu á sýninu jákvæða svörun um neyslu kannabis. Í kjölfarið var vakthafandi læknir kallaður til og tók hann blóðsýni úr ákærða um kl. 21:30.

Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu hófst skýrslutaka af ákærða um kl. 22:35 um kvöldið. Henni lauk um kl. 23:13 og var ákærði í kjölfarið látinn laus úr haldi lögreglu.

## II.

Ákærði kom fyrir dóm 14. maí 2007 og kannaðist við að hafa ekið bifreiðinni ZV-603 í það sinn er um ræðir í ákæru og jafnframt að hafa þá haft á sér það fikniefni sem þar greinir. Hann neitaði hins vegar að hafa neytt fikniefna fyrir aksturinn og verið undir áhrifum þeirra við akstur.

Við aðalmeðferð málsins skýrði ákærði svo frá að hann hefði síðla dags, föstudaginn 19. febrúar 2007, verið við akstur bifreiðarinnar ZV-603 við bæinn Fiskilæk er lögregla hefði stöðvað hann. Ákærði kvað lögreglu hafa framkvæmt leit á sér á vettvangi og þá fundið áðurnefnt fikniefni, 1,59 g af hassi. Í kjölfarið hefðu ákærði og farþegi í bifreiðinni, Ólafur Jökull Herbertsson, verið handteknir og færðir á lögreglustöðina í Borgarnesi.

Ákærði sagði lögreglu hafa leitað í bifreið sinni við lögreglustöðina og hann verið viðstaddur leitina. Því næst hefðu þeir Ólafur Jökull verið færðir í fangaklefa. Fullyrti ákærði að þar hefði hann dvalið í nokkrar klukkustundir áður en úr honum var tekið blóðsýni. Í millitíðinni hefði hann nýtt sér tól til fikniefnaneyslu sem fyrir hefði verið í klefanum. Nánar aðspurður sagði ákærði um hafa verið að ræða maltdós sem verið hefði undir dýninni í klefanum og búið hefði verið að breyta í pípu. Kvað ákærði kannabisleifar hafa verið í pípunni.

Í kjölfar fikniefnaprófunar á þvagsýni og eftirfarandi töku blóðsýnis sagðist ákærði hafa gefið skýrslu hjá lögreglu. Við skýrslutökuna kvaðst ákærði hafa upplýst um ofangreinda fikniefnaneyslu sína og hann jafnframt hvatt lögreglu til að fara í fangaklefan og sækja pípu sem hann hefði skilið eftir á sama stað og hann fann hana. Þá ítrekaði ákærði við skýrslutökuna fyrri framburð sinn þess efnis að hann hefði ekki neytt neinna fikniefna vikunnar fyrir umræddan akstur og hann því verið allsgáður er lögregla hafði af honum afskipti samkvæmt áðursögðu.

## III.

Þorsteinn Jónsson lögreglumaður bar fyrir dómi að umræddan dag hefði lögregla stöðvað bifreiðina ZV-603 þar sem ólag hefði verið á ljósabúnaði hennar. Ökumaður bifreiðarinnar, ákærði í málinu, hefði komið yfir í lögreglubifreiðina til viðræðna við lögreglu. Vegna sterkar hassreykingalyktar af ákærða hefði vaknað grunur um að hann hefði verið að neyta fikniefna.

Við leit á ákærða á vettvangi sagði vitnið hafa fundist ætlað hass í vasa ákærða. Hann hefði í kjölfarið verið handtekinn, sem og farþegi í bifreiðinni, og tvímenningarnir því næst færðir á lögreglustöðina í Borgarnesi þar sem þeir hefðu verið vistaðir í fangaklefum að undangenginni nákvæmri leit á líkama og í fötum.

Fljótlega eftir að komið var á lögreglustöðina kvað vitnið fíkniefnaprófun hafa verið framkvæmda á þvagsýni sem ákærði hefði gefið og hefði sú prófun gefið jákvæða svörun á tetrahýdrókannabínól.

Fram kom hjá vitninu að ákærði hefði borið við skýrslutöku síðar um kvöldið að hann hefði reykt hasspípu í fangaklefanum fyrr um kvöldið. Vitnið kvaðst hafa skráð þennan framburð niður eftir ákærða. Eftir skýrslutökuna hefði vitnið leitað í klefanum, sérstaklega með framburð ákærða í huga, en án nokkurs árangurs.

Vagn Kristjánsson lögreglumaður greindi svo frá fyrir dómi að umrætt sinn hefði lögregla stöðvað bifreiðina ZV-603 þar sem á hana hefði vantað skráningarnúmer. Ökumaður, ákærði í málinu, hefði í kjölfarið komið yfir í lögreglubifreiðina til viðræðna við lögreglu.

Vitnið sagði starfsfélagi sinn, Þorstein Jónsson, vegna lyktar sem Þorsteinn hefði talið sig finna af ákærða, innt hann eftir því hvort hann hefði verið að reykja kannabisefni. Ákærði hefði svarað þeirri spurningu neitandi. Ákærði hefði þá verið handtekinn vegna gruns um akstur undir áhrifum fíkniefna og á honum framkvæmd öryggisleit. Við leitina hefði á ákærða fundist bútur af ætluðu kannabisefni. Farþegi í bifreiðinni hefði einnig verið handtekinn vegna gruns um fíkniefnabrot. Hinir handteknunefndu í kjölfarið verið færðir á lögreglustöðina í Borgarnesi þar sem þeir hefðu verið vistaðir í fangaklefa að undangenginn nákvæmri leit.

Á lögreglustöðinni sagði vitnið blóð- og þvagsýni hafa verið tekin úr ákærða. Aðspurt um hvort sá framburður ákærða gæti staðist að hann hefði reykt hass í fangaklefanum kvað vitnið það af og frá. Ákærði hefði ekki verið með neitt á sér þegar hann fór inn í klefann. Þá hefði verið leitað fangaklefanum að vistun ákærða lokinni, bæði samkvæmt venju og vegna fullyrðingar ákærða um að hann hefði í klefanum reykt hasspípu sem þar hefði verið fyrir. Við þá leit hefði ekkert fundist.

Ólafur Jökull Herbertsson skýrði svo frá fyrir dómi að fundum þeirra ákærða hefði borið saman í Reykjavík eftir hádegi 18. febrúar 2007. Um daginn hefðu þeir sinnt ýmsum erindum en síðan borðað kvöldmat saman og vitnið fengið gistingu hjá ákærða um nóttina. Sérstaklega aðspurt kvað vitnið tóbak hafa verið eina fíkniefnið sem neytt var eftir að þeir ákærði hittust.

Daginn eftir sagði vitnið þá ákærða fyrst hafa sinnt nokkrum erindum en þeir síðan haldið af stað akandi úr Reykjavík og hefði ákærði verið ökumaður bifreiðarinnar. Í námunda við álverið á Grundartanga kvaðst vitnið hafa veitt athygli lögreglubifreið sem ekið hefði verið á eftir þeim. Nokkru síðar, eða í námunda við bæinn Fiskilæk, hefði lögregla síðan stöðvað bifreiðina. Í kjölfarið hefðu ákærði og vitnið verið handteknir og færðir á lögreglustöðina í Borgarnesi þar sem þeir hefðu verið vistaðir í fangaklefa.

Á meðan vitnið var vistað í fangaklefanum kvaðst það hafa fundið reyklarlykt. Sagðist vitnið tengja lyktina við það sem ákærði hefði sagt því daginn eftir um að í klefa sínum hefði hann fundið pípu sem hann hefði reykt.

Aðspurt um hvort ákærði hefði fyrir aksturinn neytt fíkniefna sagði vitnið svo ekki hafa verið. Þeir ákærði hefðu verið saman allan daginn og vitnið ekki séð neitt slíkt til hans. Þá hefði ákærði ekki borið nein merki fíkniefnaneyslu.

#### IV.

Með tveimur bréfum 20. febrúar 2007 óskaði sýslumaðurinn í Borgarnesi eftir því við Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði að rannsökuð yrðu sýni með tilliti til kannabisneyslu og gruns um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Í framlagðri matsgerð rannsóknarstofunnar frá 19. mars sl., sem unnin var af Jakob Kristinssyni dósent, segir eftirfarandi:

Í þvagini fundust kannabínóíðar. Í blóðinu var tetrahydrókannabínól, 4,4 ng/ml.

Tetrahydrókannabínól er hið virka efni í kannabis. Það er í flokki ávana- og fíkniefna, sem óheimil eru á íslensku forráðasvæði. Ökumaður telst því hafa verið óhæfur til þess að stjórna ökutæki örugglega þegar blóð- og þvagsýnið var tekið, sbr. gr. 45 a í umferðarlögum nr. 50/1987 m. breytingum.

Jakob Kristinsson kom fyrir dóm og staðfesti og skýrði matsgerð sína. Fram kom hjá vitninu að út frá niðurstöðum rannsóknarinnar væri ekki hægt að segja til um hvort ákærði hefði neitt kannabis fyrir eða eftir umræddan akstur. Fullvíst væri hins vegar að neyslan hefði átt sér stað innan við sólarhring fyrir töku blóðsýnisins þar sem tetrahydrókannabínól hverfi úr blóði á nokkrum klukkustundum eftir neyslu.

Um áhrif tetrahydrókannabínóls á hæfni manna til aksturs samanborið við áhrif alkóhóls bar vitnið að 3-4 ng/ml af tetrahydrókannabínóli samsvöruðu um það bil 0,5% af alkóhóli.

#### V.

Upplýst er að ákærði var við akstur bifreiðarinnar ZV-603 á þeim stað og tíma sem í ákæru greinir. Þá liggur fyrir að í blóðsýni sem ákærði gaf um kl. 21:30 um kvöldið mældust 4,4 ng/ml tetrahydrókannabínóls.

Ákærði véfengir ekki niðurstöðu ofangreindrar mælingar. Hann heldur því hins vegar fram að tilvist tetrahydrókannabínóls í blóði hans megi rekja til þess að hann hafi í fangaklefa, fyrir töku blóðsýnisins, reykt tóbak í notaðri hasspípu sem hann hafi fundið í klefanum.

Lögreglumennirnir Þorsteinn Jónsson og Vagn Kristjánsson báru báðir fyrir dómi að þeir hefðu, í samræmi við vinnureglur og jafnframt vegna þeirrar fullyrðingar ákærða að hann hefði reykt hasspípu, útbúna úr maltdós, í fangaklefanum fyrir töku blóðsýnis, leitað í klefanum þegar ákærði var látinn laus. Var framburður

lögreglumannanna samhljóða um að engin slík dós hefði fundist í kleanum. Að þessu virtu og þar sem ekkert haldbært hefur komið fram í málinu, sem styður áður tilvitnaðan framburð ákærða, þykir mega slá því föstu með vísan til fyrrnefndrar niðurstöðu blóðrannsóknar að ákærði hafi neytt kannabisefna áður en hann ók bifreiðinni ZV-603 þá leið sem lýst er í ákæru. Samkvæmt þessu og með vísan til annars framangreinds telst því sannað, svo ekki verði véfengt með skynsamlegum rökum, að ákærði hafi framið umferðarlagabrot það sem í ákæru er lýst og réttilega er þar fært til refsíákvæða.

Fyrir dómi játaði ákærði fikniefnabrot það sem honum er gefið að sök í ákæru. Játning ákærða er í samræmi við gögn málsins. Brotið þykir því sannað og er það réttilega heimfært til refsíákvæða í ákæru.

## VI.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærði ekki gerst sekur um refsiverða háttsemi sem áhrif hefur á ákvörðun refsingar í máli þessu.

Refsing ákærða þykir að brotum hans virtum hæfilega ákveðin 130.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi tíu daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Þá þykir rétt, svo sem krafist er í ákæru og með vísan til 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, að svipta ákærðu ökurétti í sex mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skal dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar. Með vísan til framlagðs sakarkostnaðar yfirlits og fylgigagna þess dæmist ákærði til að greiða 16.150 krónur vegna töku blóð- og þvagsýna, 698 krónur vegna fikniefnaprófunar og 63.886 krónur vegna rannsóknar á blóð- og þvagsýnum. Ákærði greiði ennfremur þóknun skipaðs verjanda síns, Róberts Árna Hreiðarssonar hdl., er hæfilega þykir ákveðin 142.428 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum, sem og ferðakostnað verjanda, 15.223 krónur. Ákærði greiði því samtals 238.385 krónur í sakarkostnað.

Dóm þennan kveður upp Benedikt Bogason héraðsdómari.

## D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Hörður Þráinsson, greiði 130.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi tíu daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökurétti í sex mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði 238.385 krónur í sakarkostnað.

Benedikt Bogason